



## Tilmæli 39/2012

Fyrri númer:  
A 1545/velferd

Fjallað um í:  
Velferðarnefnd

Málsnúmer: 11-00366-17

## Norrænt samstarf um menningu og heilsu

Með tilvísun til 45. og 56. greinar Helsingforssamningsins hefur Norðurlandaráð þann 1. nóvember 2012 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu velferðarnefndar.

Norðurlandaráð beinir tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

*að* veita nauðsynlegu fé til að koma á fót norrænu samræmingar- og tengslaneti vegna verkefnis um menningu og heilsu til reynslu í þrjú ár á tímabilinu 2012-2015 með framtíðarverkefni og framhald norræns samstarfs á þessu sviði í huga;

*að* skoða hvort mögulegt sé að fela einhverri norrænu stofnananna að sjá um umsýslu og praktíska ramma norræns samræmingar- og tengslanets vegna verkefnis um menningu og heilsu (t.d. Norrænu velferðarmiðstöðinni í Stokkhólmi eða Norræna lýðheilsuháskólanum í Gautaborg);

*að* skipuleggja sameiginlegan fund norrænna ráðherra á sviði menningar-, lýðheilsu- og félagsmála í tengslum við formennsku Norðmanna í Norrænu ráðherranefndinni árið 2012;

*að* hrinda í framkvæmd verkefni um menningu og heilsu innan áætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um heilsu og velferð með sérstakri áherslu á rannsóknir, menntun og miðlun reynslu og þekkingar;

*að* stuðla að því að framkvæmdaáætlun finnsku ríkisstjórnarinnar fyrir tímabilið 2010-2014 „List og menning skapar velferð“, verði fyrirmynd annars staðar á Norðurlöndum.

Helsingfors, 1. nóvember 2012

*Kimmo Sasi*

Forseti Norðurlandaráðs

*Jan-Erik Enestam*

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs